

Samherji fiskeldi ehf.  
Glerárgötu 30  
600 Akureyri

Akureyri, 15. september 2020  
UST202003-117/G.S.Á.  
08.12.02

**Efni: Eftirlit 2020 - Samherji Núpsmýri - Öxarfjörður - Reglubundið eftirlit þann 17.8.2020**

Þann 17. ágúst sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Samherja fiskeldis, Núpsmýri Öxarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en fimm ábendingar voru settar fram varðandi umgengni á svæðinu, rusl við settjarnir, frágang olúgeymis, að gildi fosfórs er yfir mörkum í útreikningum en þó innan marka í mælingum og mælingu á ammoníaki.

Virðingarfyllst

*G. Stella Árnadóttir*

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

*Hulda S. Jónasdóttir*

Hulda Soffía Jónasdóttir  
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Samherji fiskeldi, Öxarfirði	17. ágúst 2020	Núpsmýri, Kópaskeri	1
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
610506-1060	31.01.2031	Já	Landeldi, allt að 3.000t af laxi og/eða bleikju

Starfsemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Um 900 tonna lífmassi var í stöðinni er eftirlit fór fram og áætlað er að ársframleiðslan verði um 1.500t.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Engar breytingar eru fyrirhugaðar á starfsemi. Verið er að setja upp nýtt fóðurkerfi og breytingar hafa orðið í fóðurflutningum. Kemur fóðrið nú á bílum og er blásið beint í síló, í stað þess að koma í sekkjum.  Settjarnir hafa verið tæmdar og uppdælingunni dreift á uppgræðsluland við Snartarstaði í samvinnu við Landgræðslu Ríkisins.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Allar skráningar í Fish Talk.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Sent með tölvupósti þann 30.04.2020.
Grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Sent með tölvupósti þann 30.04.2020.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og	X			Í lagi.  Uppfærð vöktunaráætlun var send eftirlitsaðila að eftirliti loknu.  Neyðaráætlun er aðgengileg í rekstrarhandbók á staðnum og einnig í rafrænu kerfi, en einnig var hún send eftirlitsaðila að eftirliti loknu.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í lagi. Uppfært tryggingaskírteini var sent eftirlitsaðila að loknu eftirliti.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Neyðaráætlun er aðgengileg í rekstrarhandbók á staðnum og einnig í rafrænu kerfi, en einnig var hún send eftirlitsaðila að eftirliti loknu.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Uppfærð umhverfismarkmið voru send eftirlitsaðila þann 21.10.2019. Vottun frá Whole Foods og IMO.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Sjálfvirk fódurgjöf, verið er að setja upp nýtt fódurkerfi. Fóðurútreikningar fara í gegnum Fish Talk.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Skv. útreikningum voru gildi N=40,1 kg/framleitt tonn (gildi starfsleyfis 60 kg/framleitt tonn) og P=7,3 (gildi starfsleyfis 7 kg/framleitt tonn). Gildi fosfórs er því aðeins yfir mörkum starfsleyfis. COD= 48 mg/L í fyrri mælingu. BOD5= <1 mg/L Ammoníak var <0,4 mg/L, mörk starfsleyfis eru (0,025 mg/L) en einungis var mæling úr frárennsli en ekki einnig 5m ofan frárennsli eins og fram kemur í gr. 3.3 í starfsleyfi. Gildi svifagna frá frárennsli var lægra en gildi þeirra 5m ofan frárennsli og skýrist það líklega af því að um jökulá er að ræða og gildi svifagna í henni alla jafna há. Síðustu mælingar voru gerðar 07.1.2020 en eru það einungis

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

				mælingar í frárennsli, ekki mæling á aukningu. Breytingar á pH, O2 og hita eru innan marka starfsleyfis.
<p>Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?</p>	X			<p>Útrás frá eldi kerunum er leitt í settjörn og þaðan beint út í Brunná.</p> <p>Settjarnirnar litu þokkalega út, töluverður litur var í þeim og fóðurleifar greinilegar. Umgengni þarf að bæta og hreinsa upp girni, net og annað rusl í kringum þær.</p> <p>Ekki var að sjá uppsöfnun við frárennslisop út í viðtaka en Brunná var nokkuð straumþung er eftirlitið fór fram. Ekki var mikið um fugl á svæðinu og enga óeðlilega lykt að finna.</p> <p>Fitugildra og rotþrær voru losaðar 3. júní sl. af Verkval og leit allt vel út í kringum þær.</p> <p>Engin fiskur var sjáanlegur í settjörnum eða við frárennslisrör.</p>
<p>Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh.</p> <p>Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.</p>	X			<p>Tvær settjarnir, sem liggja hlið við hlið taka við frárennslinu frá stöðinni. Önnur þeirra tekur við frárennslinu frá nýjustu og stærstu kerunum og þaðan fer það í hina tjörnina sem tekur við öðru frárennsli frá stöðinni. Til stendur að setja upp tromlusíu við nýju kerin en enn er verið að finna bestu lausn hvað það varðar.</p> <p>Útrás er frá fituskilju fiskvinnslunar út í Brunná.</p>
<p>Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerjum, ferskvatn, sjór).</p>	X			Frárennslið liggur í um 50m röri frá settjörnunum yfir í Brunná.
<p>Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.</p>	X			Í lagi
<p>Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við</p>				Dælt var upp úr settjörnunum sumarið 2019 og efnið flutt til geymslu við Snartastaði. Hefur því

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Landeldi

starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			nú verið dreift á uppgræðsluland við Snartastaði í samvinnu við Landgræðslu Ríkisins.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Í lagi
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.	X			Sent með tölvupósti þann 30.04.2020
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Rekstraraðili tekur sjálfur sýnin og sendir til greiningar hjá Sýni ehf. Næstu mælingar skulu fara fram árið 2022 en skila þarf útreikningum um áætlaða losun skv. gr. 3.3 í starfsleyfi

#### Niðurstöður síðasta eftirlits:

Síðast var farið í eftirlit þann 10. október 2019. Eitt frávik kom fram við eftirlitið er snýr að mælingu COD í frárennsli.

Tvær ábendingar eru gerðar er varða mælingar í samræmi við gr. 3.3 og áætlun losun næringarefna frá mælingum í frárennsli eða fóðurnotkun.

<b>Samantekt:</b>	Engin frávik komu fram við eftirlit en fimm ábendingar voru settar fram varðandi umgengni á svæðinu, rusl við settjarnir, frágang olfugeymis, að gildi fosfórs er yfir mörkum í útreikningum og mælingu á ammoníak er ábótavant.
<b>Annað</b>	Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahæja, áætlun um meðhöndlun úrgangs, útreikningar á losun í frárennsli í fiskeldi, leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa og skráning olfugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017 voru send rekstraraðila með fundarboði vettvangsheimsóknar.  Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða og matið fyllt úr fyrir stöðina.  Upplýsingar um olfugeyma fyrir starfsstöðvar Samherja fiskeldis hafa verið sendar til Umhverfisstofnunar.

Undirskrift eftirlitsmanns:

*G. Stella Arnadóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Samherji fiskeldi ehf. Núpsmýri, Öxarfirði



Dags eftirlits	17.8.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Samherji fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Núpsmýri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610406-1060	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Arnar Freyr Jónsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Heiðdís Smáradóttir	Staðsetning	609834,024 639750,616

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en fimm ábendingar voru settar fram varðandi umgengni á svæðinu, rusl við settjarnir, frágang olúgeymis, að gildi fosfórs er yfir mörkum í útreikningum og mælingu á ammoníaki.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang vettvangsheimsóknar var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Vöktunarmælingar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahæja.
- Útreikningar á losun í frárennsli í fiskeldi.

## ÁBENDINGAR

Ábending var sett fram í eftirlitinu varðandi umgengni við stöðina. Taka þarf betur til á bakvið stöðina og raða upp nýtanlegu efni og farga öðru.

Hreinsa þarf girni, net og rusl sem liggja við settjarnir.

Bæta þarf undirlag undir olúgeymi við stöðina, malarlag er undir geyminum en setja þarf olíuhelt lag undir hann.

Útreikningar á fosfór voru rétt yfir mörkum starfsleyfis, eða 7,3 mg/L. Mælingar sýna hins vegar að gildi þess er vel innan marka og því er ekki sett frávik hvað þetta varðar.

Mæling á ammoníaki var einungis gerð við frárennsli en ekki einnig 5m ofan frárennslis eins og fram kemur í gr. 3.3 í starfsleyfi.

## ANNAÐ

Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahæja, áætlun um meðhöndlun úrgangs, útreikningar á losun í frárennsli í fiskeldi, leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa og skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017 voru send rekstraraðila með fundarboði vettvangsheimsóknar.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða og matið fyllt úr fyrir stöðina.

Upplýsingar um olúgeyma fyrir starfsstöðvar Samherja fiskeldis hafa verið sendar til Umhverfisstofnunar.

Reykjavík, 15.09.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir